



Dagsetning: 19. ágúst 2024
Málsnúmer: 2408052/7.0

Til Fjölskyldunefndar

MINNISBLAÐ Trappa

Trappa þjónusta hefur frá árinu 2016 þjónustað börn í Fjarðarbyggð. Trappa býður upp á sérfræðiþjónustu fyrir börn og hefur Fjarðabyggð nýtt sér þjónustu talmeinafræðinga Tröppu. Fjöldi þeirra barna sem hlotið hefur þjónustu hjá Tröppu er á bilinu 10 - 15 á tímabilinu 2016-2018 samkvæmt skýrslu Tröppu. Frá árinu 2018 til ársins 2021 eru engar upplýsingar skráðar um fjölda tilvísuna. Árið 2021 voru tilvísanir 13, árið 2022 eru þær 16, árið 2023 eru tilvísanir 29 og það sem af er árinu 2024 eru þær 17.

Samkvæmt upplýsingum frá Tröppu voru 16 börn í þjónustu frá 2022-2023 og á árinu 2023-2024 voru það 35 börn. Um 90% þessara barna falla undir viðmið SÍ.

Verktaki eða Trappa þjálfar bæði börn sem falla ekki undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og eru á ábyrgð verkkaupa og einnig börn sem falla undir viðmið SÍ skv. reglugerð nr. 314/2017 um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratrygðra í kostnaði og þjálfun.

Samkomulag var gert milli Velferðarráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2014 um skiptingu ábyrgðar vegna talmeiþjónustu fyrir börn.

Í samkomulaginu kemur fram að sveitarfélögin sinni börnum með minni frávík vegna talmeina, það er þeim sem ekki uppfylla skilyrði sem gerð eru í rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og talmeinafræðinga vegna málþroska, framburðar og stams.

Samkvæmt skilyrðum rammasamnings taka Sjúkratryggingar þátt í allt að 15 skiptum í talþjálfun á hverju 12 mánaða tímabili og einni greiningu þeirra barna sem uppfylla skilyrði SÍ.

Í nýundirrituðum samningi við Tröppu (sjá fylgiskjal) er samið um að Fjarðabyggð borgi 8,990 kr. fyrir hvern tíma hjá börnum sem sveitarfélögum ber að sinna og 16.000 kr. í mánaðargjald fyrir hvert pláss.

Fjarðabyggð borgar ekki fyrir þau börn sem falla undir viðmið SÍ. Sérkennarar eða fulltrúar þeirra skrá börnin inn, veita sérfræðingum Tröppu upplýsingar og styðja foreldra við að



nálgast beiðni til að fá niðurgreiðslur frá Sjúkratryggingum. Barn sem fellur ekki undir viðmið SÍ getur byrjað strax í þjálfun. Barn sem Sjúkratryggingar koma að byrjar ekki í talþjálfun fyrr en öll gögn eru til staðar, þar með talið vottorð frá lækni.

Í dag eru 17 börn í þjónustu Tröppu og fellur meiri hluti þeirra undir SÍ samkvæmt Tröppu.

Kostnaður við þessa þjónustu var 2.261.772 árið 2023 og kostnaður það sem af er árinu 2024 er 1.022.651 kr og verður líklega lægrin en árið á undan sem skýrist af því að við höfum ekki haft ráðrúm til að mæta þörf fyrir greiningar.

Þar til um áramót 2023-24 sinnti talmeinafræðingur skólaþjónustu Múlaþings greiningum í verktöku fyrir Fjarðabyggð. Áætlaðir fjármunir í þessa vinnu voru um 25% staða talmeinafræðings á ári eða um 3.500.000 kr. - 4.000.000 kr. með launum og launatengdum gjöldum.

Töluverður biðlisti er eftir frumgreininum talmeinafræðings eða 12 börn þar af eru 10 í leikskóla.

Trappa getur séð um frum- og endurmat fyrir sveitarfélagið og er kostnaður við hvert mat 150.000 kr. samkvæmt upplýsingum frá Tröppu. Við þennan kostnað bætist síðan ferða- og mögulega gistikostnaður fyrir talmeinafræðing Tröppu 2-4 á ári. Trappa sér einnig um endurmat en sagði þann kostnað vera hluta af núverandi samningi.

Fjárhagsáætlun ársins 2024 gerði ekki ráð fyrir kostnaði við greiningar. Markmið þessa minnisblaðs er að fara yfir þjónustuna, meta þörf á greiningum og mælast til þess að sótt verði um viðauka fyrir fjárhagsárið 2024 fyrir þeim greiningum sem þörf er á.

Laufey Þórðardóttir

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs

